



Bekkjarnámskrá 1. bekkjar

Skólaárið 2016 – 2017

Umsjónarkennari
Elín Dögg Methúsalemsdóttir

Efnisyfirlit

Samstarf heimila og skóla.....	5
Íslenska.....	5
Hæfniviðmið.....	5
Talað mál, hlustun og áhorf.....	5
Lestur og bókmenntir.....	5
Ritun.....	6
Málfræði.....	6
Inntak námsgreinar og kennslutilhögun.....	6
Heimanám.....	6
Námsefni.....	6
Námsmat.....	7
Stærðfræði.....	7
Hæfniviðmið.....	7
Að geta spurt og svarað með stærðfræði.....	7
Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar.....	7
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar.....	7
Tölur og reikningur.....	7
Algebra.....	8
Rúmfræði og mælingar.....	8
Tölfræði og líkindi.....	8
Inntak náms og kennslutilhögun.....	8
Námsefni.....	8
Námsmat.....	9
Náttúru- og samfélagsgreinar.....	9
Hæfniviðmið.....	9
Geta til aðgerða.....	9
Nýsköpun og hagnýting þekkingar.....	9
Gildi og hlutverk vísinda og tækni.....	9
Vinnubrögð og færni.....	9
Ábyrgð á umhverfinu.....	9
Að búa á jörðinni.....	9
Lífsskilyrði manna.....	9
Náttúra Íslands.....	10
Heilbrigði umhverfisins.....	10
Samspil vísinda og tækni.....	10

Inntak náms og kennslutilhögun	10
Námsefni	10
Námsmat	10
Lífsleikni.....	10
Hæfniviðmið	10
Reynsluheimur.....	11
Hugarheimu.....	11
Félagsheimur	11
Inntak náms og kennslutilhögun	11
Námsefni	11
Námsmat	12
Myndmennt.....	12
Hæfniviðmið	12
Inntak náms og kennslutilhögun	12
Námsefni	12
Námsmat	12
Upplýsinga- og tæknimennt	12
Hæfniviðmið	13
Vinnulag og vinnubrögð	13
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	13
Tækni og búnaður	13
Sköpun og miðlun.....	13
Námsefni	13
Inntak náms og kennslutilhögun	13
Námsmat	13
Heimilisfræði	13
Hæfniviðmið	13
Námsefni	14
Námsmat	14
Skólaíþróttir	14
Hæfniviðmið	14
Líkamsvitund, leikni og afkastageta	14
Félagslegir þættir.....	14
Heilsa og efling þekkingar.....	14
Öryggis- og skipulagsreglur	14
Inntak náms og kennslutilhögun	14

Námsmat	15
Skólasund	15
Hæfniviðmið	15
Námsmat	15
Textílmenn	15
Hæfniviðmið	15
Handverk, aðferðir og tækni	15
Sköpun, hönnun og útfærsla	15
Menning og umhverfi	15
Inntak náms og kennslutilhögun	16
Námsefni	16
Námsmat	16
Hönnun og smíði	16
Hæfniviðmið	16
Handverk, aðferðir og tækni	16
Sköpun, hönnun og útfærsla	16
Menning og umhverfi	16
Inntak náms og kennslutilhögun	16
Námsefni	17
Námsmat	17

Samstarf heimila og skóla

Nám barnsins er sameiginlegt verkefni heimila og skóla.

Heimili og skóli eiga í samvinnu að búa nemendur undir líf og starf. Hlutur grunnskólans er einkum sá að sjá nemendum fyrir formlegri fræðslu og taka þátt í félagslegri mótun þeirra en frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum. Þetta sameiginlega verkefni heimila og skóla kallar á nán tengsl, gagnkvæmt traust, gagnkvæma upplýsingamiðlun, samábyrgð og samvinnu (lög grunnskóla, 2008, netslóð; <http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>)

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er rammi um skólafarfið og leiðsögn um tilgagn þess og markmið. Hún birtir menntastefnu sem reist er á sex grunnþáttum menntunar, læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þessir grunnþættir eiga að fléttast inn í allt skólafarfið. Í námskrám er talið upp hvaða markmiðum skal stefnt að hverju sinni. Þessi markmið skarast oft milli kennslugreina og áherslur eru oft mismiklar frá ári til árs á ákveðnum þáttum. Uppalendur eru hvattir til að fylgast vel með námi barna sinna og hafa í huga að áhugi þeirra getur skipt sköpum fyrir velgengni barnanna í námi. Þar af leiðandi biðjum við forráðamenn nemenda að vera þátttakendur í heimanámi barna sinna og hvetjum þá jafnframt til að koma sem oftast í heimsókn. Höfum einnig hugfast að gott samstarf heimilis og skóla er lykillinn að farsælli skólagöngu barnanna.

Í Vopnafjarðarskóla er 1. og 2. bekk kennt saman í öllum greinum en heimilisfræði, smíði og textílmennt eru nýttir sem skiptitímar.

Íslenska

Kennari: Elín Dögg Methúsalemsdóttir

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur geti:

Talað mál, hlustun og áhorf

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Lestur og bókmenntir

- beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.
- valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringamyndum, kortum og myndritum.

Ritun

- dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- samið texta út frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpagögn við hæfi.
- skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.

Málfræði

- beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ráðið yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- raðar í stafrófsröð og gert sér grein fyrri notagildi þess við leit og skipulag.
- leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.

Inntak námsgreinar og kennslutilhögun

Skólinn hefur tileinkað sér kennsluaðferð í lestrar- og íslenskukennslu sem nefnist Byrjendalæsi. Byrjendalæsi skiptist í stuttu máli í þrjú þrep. Á fyrsta þrepi er gæðatexti lesinn og ræddur auk þess sem nýr orðaforði er lagður inn. Á öðru þrepi er unnið með lykilorð, bókstafi og orðalista á ýmsa vegu, svo sem með stafagerð, samvinnuspjöldum, stafa- og orðasúpum, minnisspilum, orðabingó og sóknarskrift. Á þriðja þrepi er unnið að enduruppbyggingu texta, til dæmis með teikningu, frásögnum, ritun og leikrænni tjáningu. Tekinn verður fyrir einn gæðatexti á viku en ef efnið bíður upp á meiri vinnu er sami texti notaður í tvær vikur eða lengur. Í hverri viku eru einnig lagðir inn tveir bókstafir og unnið með þá á ýmsan hátt. Unnið verður með fjölbreytt verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi og örva nemendur til lestrar, umræðna og ritunar. Verkefni eru ýmist unnin einstaklingslega, í paravinnu eða hópinnu og er leitast við að mæta þörfum hvers einstaklings með verkefnum við hæfi. Íslenskuvinnan er samþætt samfélags- og náttúrugreinum að miklu leyti og textar valdir með hliðsjón af því.

Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta, orðalista og stök orð, sem og umræðum eða sögugerð út frá myndum, spilamennsku og fleiru. Nemendur fá auk þess tækifæri til yndislesturs á hverjum degi þar sem þeir ýmist lesa í eigin bókum eða hlusta á upplestur kennara.
- *Sjálfbærni* tengist umræðum um ýmis álitamál, þar sem nemendur taka til dæmis afstöðu með eða á móti eða velta fyrir sér kostum og göllum.
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda sem og ýmsum textum og umræðuefnum sem unnið verður með. Jafnframt fá nemendur stundum val um viðfangsefni sem og hvernig þeir vilja leysa ákveðin verkefni.
- *Heilbrigði og velferð* tengjast tjáningu nemenda, að hafa sjálfstaust til að lesa upp fyrir aðra, að geta tjáð sig á góðri íslensku og fleira.
- *Sköpun* tengist sögu- og ljóðagerð nemenda sem og þegar þeir myndskreyta verk sín og taka þátt í leikrænni þjálfun.

Heimanám

Þegar nemendur eru orðnir tilbúnir til að lesa fá þeir lestrarbækur til að lesa í heima. Lesa á heima daglega og skrá lesturinn í skráningarbók. Auk þess fá nemendur einstaka sinnum heimaverkefni í tengslum við það sem verið er að vinna í Byrjendalæsi hverju sinni.

Námsefni

- *Lestrarlandið* og vinnubækur 1 og 2 með því.

- Lestrarbækur í samræmi við getu hvers og eins úr bókageymslu og bókasafni.
- Fjölbreyttir gæðatextar (svo sem barnabækur, fræðibækur og ljóð).
- Skriftaræfingar.
- Verkefni frá kennurum og aukaefni eftir þörfum.
- Ýmis spil.
- Kennsluforrit í tölvum.

Námsmat

Vinna nemenda er metin jafnóðum með tilliti til stafa-, atkvæða- og lestrarkunnáttu.

Lesskimunarprófið *Leið til læsis* er lagt fyrir í október.

Lesskimunarprófið *Læsi* er lagt fyrir í nóvember, febrúar og apríl.

Lesskimunarprófið *Hljóðfærni* er lagt fyrir þá nemendur sem á nánari skimun þurfa að halda í framhaldi af fyrrgreindum prófum.

Lestrar- og hraðapróf eru tekin í janúar og að vori en einnig geta einstakir nemendur tekið próf á öðrum tímum.

Einkunnargjöf er eftirfarandi:

40-90 atkvæði eða fleiri = **S**/settu markmiði náð.

15-39 atkvæði = **F**/framvinda góð.

14 atkvæði eða færri = **Þ**/þarfnast frekari þjálfunar.

Könnun á skrift og vinna vetrarins tekin inn í námsmatið. Símati verður beitt við önnur markmið.

Stærðfræði

Kennari: Elín Dögg Methúsalemsdóttir

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur geti:

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.
- leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, nota áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.

Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar

- notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra.
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki, og tengt við daglegt mál.
- tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.
- notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, talnalínu, vasareikna og tölvur til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna.
- notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og geri sér grein fyrir verðgildi peninga.

Tölur og reikningur

- notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- notað tugakerfisríthátt.

- reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.
- leyst viðfangsefni sem spröttin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.

Algebra

- kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.

Rúmfræði og mælingar

- notað hugtök í rúmfræði s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.
- gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu.
- unnið með mælikvarða og lögun.
- áætlað og mælt ólíka mælieiningar, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.
- speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.
- borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar.

Tölfræði og líkindi

- safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.
- talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp einföld myndrit.
- tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.

Inntak náms og kennslutilhögun

Leitast verður við að hafa verkefni fjölbreytt svo hver og einn fái að njóta sín og vinna nemendur ýmst einir, í þörum eða í hópum. Unnið er með margvísleg spil og hlutbundin göng sem þjálfa stærðfræðileg efni og að tengja verkefni við umhverfið og daglegt líf nemenda. Stærðfræðin verður tengd inn í Byrjendalæsisverkefnin eftir því sem unnt er. Auk þess verður notuðu PALS stærðfræðiaðferðin í tveimur kennslustundum á viku þegar líður á veturinn. Helstu markmið PALS er að þjálfa samtímis hóp af nemendum í stærðfræði með jafningamiðlaðri nálgun. Rannsóknir á PALS aðferðinni hafa staðfest að flestir nemendur, hvortsem þeir eru afburðarnemndur, í meðallagi eða slakir, sýna meiri framfarir en þeir sem ekki fá PALS þjálfun. Það sama gildir um nemendur sem glíma við námsörðugleika. Leitast er við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í skólastarfið. Dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta, myndir, töflur og tákni. Einnig tengsit læsi umræðum um þrautalausnir og önnir stærðfræðileg málefni og færni nemenda til að koma auga á stærðfræði í daglegu lífi.
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast vinnu nemenda með þrautir og spil, hvort sem þeir vinna einir eða með öðrum.
- *Sjálfbærni* tengist því að nemendur læri að skilja umhverfi sitt út frá forsendum stærðfræðinnar og tengt við daglegt líf.
- *Heilbrigði og velferð* tengist tjáningu nemenda, að þeir hafi sjálfsöryggi til að ræða um stærðfræðileg málefni og segja frá hvernig þeir fóru að því að leysa þrautir.
- *Sköpun* tengist þrautalausnum nemenda þar sem hver og einn setur fram lausnir sínar með þeim þætti sem honum þykir best. Einnig felst sköpun í mynsturgerð, úrvinnslu tölfræðikannana, hlutverkaleik með peninga og rúmmálsverkefnum.

Námsefni

- *Sproti nemendabók 1a og 1b.*
- *Sproti æfingahefti 1a og 1b.*

- Ýmis hlutbundin gögn (kubbar, málbönd, form og fleira).
- Námsþpil.
- Námsleikir og spil á netinu.
- PALS þjálfunarefni í stærðfræði.
- Verkefni frá kennara og aukaverkefni eftir þörfum.

Námsmat

Í stærðfræði eru teknar stuttar kannanir í lok hvers kafla og stærri kannanir í lok hvorrar annar. Kannanir eru ýmist verklegar, munnlegar eða skriflegar.

Náttúru- og samfélagsgreinar

Kennari: Elín Dögg Methúsalemsdóttir

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur geti:

Geta til aðgerða

- sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu.

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum.
- notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum.
- gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.

Vinnubrögð og færni

- sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni.
- skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.
- útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt.
- hlustað á og rætt hugmyndir annarra.

Ábyrgð á umhverfinu

- tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu og sýnt félögum og náttúru alúð.
- nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum.
- tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.

Að búa á jörðinni

- fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð.
- lýst breytingum í náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks.

Lífsskilyrði manna

- útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans.
- útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns.
- bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi.
- útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekki einkastaði líkamans.
- lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengt hitastig við daglegt líf.

Náttúra Íslands

- sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi.
- útskýrt einkenni lífandi vera og skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi.
- lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu.

Heilbrigði umhverfisins

- fjallað um samspil manns og náttúru.
- flokkað úrgang.

Samspil vísinda og tækni

- gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir.

Inntak náms og kennslutilhögun

Náttúrugreinar og samfélagsgreinar eru samþættar við íslensku og verða unnar í tengslum við Byrjendalæsi. Upplýsingum er aflað sem víðast og með fjölbreyttum hætti. Unnið verður að verkefnum þar sem fylgst er með veðurfari og því hvernig náttúran breytist eftir árstíðum.

Nemendur fræðast um mannlíkamann og starfssemi hans auk þess að fræðast um hegðun ýmissa dýra. Miðað er við að kennsluaðferðir verði sem fjölbreyttastar s.s. samlestur, umræður, sýnikennsla, tilraunir, verklegar æfingar, vettvangsferðir, leikir, skrifleg verkefni og hópvinna.

Leitast er við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í skólalífið og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta og myndir, sem og færni þeirra til að lesa í náttúruna í vettvangsferðum.
- *Sjálfbærni* tengist umræðum um mikilvægi umhverfisverndar og flokkun sorps.
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast umfjöllun um gjörðir mannsins sem hafa áhrif á umhverfi okkar og líf, sem og lífsskilyrði annarra lífvera.
- *Heilbrigði og velferð* tengist umfjöllun um mikilvægi þess að hugsa vel um líkama sinn og heilsu, meðal annars með hreyfingu, hreinlæti, nægum svefni og næringarríkri fæðu.
- *Sköpun* tengist verkefnavinnu nemenda, hvort sem hún er skrifleg, myndræn eða verkleg.

Námsefni

- *Komdu og skoðaðu líkamann.*
- *Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera.*
- *Komdu og skoðaðu umhverfið.*
- Ýmsar bækur sem einnig unnið er með í Byrjendalæsi.
- Verkefni frá kennurum.
- Kennsluforrit af nams.is

Námsmat

Símat þar sem virkni, áhugi og færni í hæfniviðmiðum nemenda eru metin auk sjálfsmats. Nemendur safna völdum verkefnum í námsmöppu yfir allt skólaárið.

Lífsleikni

Kennari: Elín Dögg Methúsalemsdóttir

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemandi geti:

Reynsluheimur

- borið kennsl á gildi, s.s. virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.
- áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
- áttað sig á gildi samhjálpur í samfélaginu.
- áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi.
- varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.

Hugarheimu

- sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, s.s. gleði, sorg og reiði.
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.
- sett sig í spor annarra jafnaldra.

Félagsheimur

- tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.
- hlustað á og greint að ólíkar skoðanir.
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.
- áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.
- sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.
- sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.

Inntak náms og kennslutilhögun

Kennsla í lífsleikni er að nokkru leyti samþætt íslensku þar sem bækur sem teknar eru fyrir í Byrjendalæsi koma oft inn á málefni sem henni tengjast, t.d. vináttu, ólíkar fjölskyldugerðir, framkomu og tilfinningar. Áhersla er lögð á samskipti og líðan nemenda og stuðst við fjölbreytt námsefni í þeirri viðleitni að efla nemendur, bæði sem einstaklinga og sem hluta af hóp. Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar, s.s. samlestur, hugstormun, umræður, bekkjarfundir, skrifleg verkefni, samvinnunám og leiki. Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í kennsluna og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta og myndir. Einnig fléttast læsi saman við færni nemenda til að greina ólíkar tilfinningar og lesa í samskipti, sögð og ósögð orð, gjörðir og fleira.
- *Sjálfbærni* tengist allri vinnu sem leynt eða ljóst miðar að því að styrkja tilfinningagreind nemenda, gera þá færa í að leysa ágreining og efla samfélagslega ábyrgð þeirra og þátttöku, að þeir skilji til að mynda að þeir eru mikilvægur hluti af hópnum og að gjörðir þeirra og orð hafa ekki einungis áhrif á þá sjálfa heldur einnig aðra.
- *Heilbrigði og velferð* tengist samskiptum, líðan, sjálfsmynd og ýmsum öðrum þáttum sem unnið verður með í lífleikni, sem og færni nemenda til að tjá sig um skoðanir sínar og tilfinningar.
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast vinnu í tengslum við Olweusar áætlunina, til dæmis um framkomu og einelti.
- *Sköpun* tengist verkefnavinnu nemenda, hvort sem hún er skrifleg, myndræn eða verkleg.

Námsefni

- Efni tengt Olweusar áætluninni.
- Ýmsar bækur sem einnig er unnið með í Byrjendalæsi.

- Verkefni frá kennurum.

Námsmat

Ekki er um formlegt námsmat að ræða heldur fá nemendur endurgjöf eftir því sem við á.

Myndmennt

Kennari: Elín Dögg Methúsalemsdóttir

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur geti:

- nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði í myndbyggingar.
- tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
- fjallað um eigin verk og annarra.
- unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- unnið einföld verkefni í hópi.

Inntak náms og kennslutilhögun

Megintilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir. Kennt er með sýnikennslu, verkefni kynnt og sýnd og um þau rætt.

Myndmenntakennsla er samtvinnuð Byrjendalæsisvinnu og vinna nemendur mörg verkefni í tengslum við það. Auk þess vinna nemendur nokkur frjáls verkefni með mismunandi efnum, litum og áhöldum. Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í kennsluna og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta og myndir. Nemendur fá tækifæri til að lesa úr umhverfi sínu ásamt að lesa og túlka myndmál úr listaverkum.
- *Sjálfbærni* að nemendur séu meðvitaðir um umhverfisvernd og endurvinnslu, með því að nota endurvinnanleg efni til listsköpunar.
- *Jafnrétti* að allir nemendur fái sömu tækifæri til listsköpunar á sýnum forsendum.
- *Lýðræði og mannréttindi* tengjast samvinnu og stuðningi nemenda hvert við annað.
- *Heilbrigði og velferð* tengjast sjálfstæði sem nemendur öðlast í verkefnagerð og ánægju með vel heppnaða afurð.
- *Sköpun* felst í því að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með mismunandi möguleika.

Námsefni

- Ýmsar bækur sem einnig er unnið með í Byrjendalæsi.
- Listaverkabækur.
- Verkefni frá kennara.

Námsmat

Námsmat er byggt á símati á vinnu nemenda og er skipt í eftirfarandi þætti: afurð (verkefni), hegðun/framkoma, vandvirkni, iðni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Upplýsinga- og tæknimennt

Kennari: Unnur Ósk Unnsteinsdóttir

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur:

Vinnulag og vinnubrögð

- nýti sér fartölvur og spjaldtölvur til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.
- nýti sér rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.
- beiti undirstöðuatriðum í fingrasetningu.

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- nýti rafrænt og gagnvirkt námsefni.
- séu fær um að leita upplýsinga og nýta við verkefnavinnu.

Tækni og búnaður

- noti hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni.
- noti einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu.

Sköpun og miðlun

- noti hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.
- geti sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga.

Námsefni

- Fingrafimi og ýmis önnur kennsluforrit á nams.is og skolavefurinn.is
- Forritin Word, Paint og Power Point.

Inntak náms og kennslutilhögun

Unnið er með einfaldan texta í ritvinnslu (Word), margmiðlunarefni og internetið. Unnið er með forritið Power Point. Ýmis kennsluforrit, s.s. forrit á síðunum www.nams.is og www.skolavefurinn.is. Skoðaðar verða valdar síður á Interneti (barnasíður og leitarvefir).

Töluvátímarir verða einnig notaðir til að dýpka þekkingu nemenda á ýmsu efni sem unnið er með skv. aðferðum Byrjendalæsis. Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta, orðalista og stök orð, sem og umræðum eða sögugerð út frá myndum, spilamennsku og fleira.
- *Sjálfbærni* tengist umræðum um ýmis álitamál, þar sem nemendur taka til dæmis afstöðu með eða á móti eða velta fyrir sér kostum og göllum.
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda, sem og ýmsum textum og umræðuefnum sem unnið verður með.
- *Heilbrigði og velferð* tengjast tjáningu nemenda, að hafa sjálfstraust til að lesa upp fyrir aðra, að geta tjáð sig á góðri íslensku og fleira.
- *Sköpun* tengist sögu- og ljóðagerð nemenda, sem og þegar þeir myndskreyta verk sín.

Námsmat

Umsögn á haustönn/vorönn þar sem virkni, áhugi og færni í hæfniviðmiðum nemenda eru metin. Nemendur safna völdum verkefnum í námsmöppu yfir allt skólaárið.

Heimilisfræði

Kennari: Berglind Wíium Árnadóttir

Hæfniviðmið

Nemandi:

- þjálfist í notkun á viðeigandi áhöldum.

- fái þjálfun í að þvo upp og hreinsa áhöld.
- geti mælt í heilu og hálfu með dl-máli, msk. og tsk.
- læri að fara eftir myndrænum og einföldum skriflegum uppskriftum.
- læri að hreinsa og brytja ávexti og grænmeti með hníf.
- hugi að því hvernig hollt mataræði er.
- hugi að persónulegu hreinlæti.
- leggi á borð og hugi að borðsiðum.
- temji sér að nota lítið af efnum sem spilla umhverfi (sápu, pappír, umbúðum).
- geti sýnt hjálpsemi og tillitssemi.

Námsefni

Hollt og gott 2 ásamt efni frá kennara.

Námsmat

Í hverjum tíma er metin umgengni, virkni og verkfærni.

Skólaíþróttir

Kennari: Bjartur Aðalbjörnsson

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur geti:

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- gert æfingar sem reyna á þol.
- gert hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi.
- sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.
- sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum og –íþróttum.
- tekið þátt í stöðluðum prófum.

Félagslegir þættir

- unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.
- skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum.
- gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.

Heilsa og efling þekkingar

- skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.
- útskýrt líkamlegan mun á kynjum.
- notað einföld hugtök sem tengjast sundiðkun, íþróttum og líkamlegri áreynslu.
- þekkt heiti helstu líkamshluta, magn- og afstöðuhugtaka og hreyfinga.
- gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum.
- tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum
- tekið þátt útivist og búið sig til útiveru með tilliti til veður. Ratað um skólahverfi sitt og þekkt göngu- og hjólaleiðir nærumhverfis.

Öryggis- og skipulagsreglur

- farið eftir öryggis-, skipulags- og umgegnisreglum íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.

Inntak náms og kennslutilhögun

Námið fer að miklum hluta fram í leikjaformi en einnig með einföldum boltaæfingum, stöðvaþjálfun, hlaupum og keppnum.

Námsmat

Virgni, viðhorf, hæfni og hegðun eru matsþættir sem íþróttakennari metur jafnt og þétt yfir önnina. Nemandi fær einkunn sem er reiknuð út úr matsþáttunum.

Skólasund

Hæfniviðmið

- Að nemendur:
- Þjálfist í ýmsum æfingum og leikjum sem þroska til dæmis jafnvægisskyn, snertiskyn og samspil skynfæra ásamt því að efla líkamspól, kraft og hraða.
- Tileinki sér samþættingu fjölbreyttra hreyfinga s.s. að beygja hné og kreppa ökkla.
- Nái tókum á fjölbreyttum æfingum sem reyna á samspil skynfæra s.s. öndunaræfingum, inn- og útöndun 10 sinnum, flotæfingum á bringu og baki með eða án hjálpartækja, skriðssundsátökum með eða án hjálpartækja, göngu með andlit í kafi a.m. k. 2,5 m.
- Kynnist og tileinki sér helstu samskiptareglur sem í gildi eru.
- Læri að umgangast sundstað á öruggan hátt.
- Tileikni sér hreinlæti fyrir og eftir sundiðkun.
- Upplifi gleði og ánægju af því að hreyfa sig í vatni.

Námsmat

Námsmatið er í samræmi við markmið í sundi auk símats og fá nemendur sérstaka einkunn fyrir sund: S=settu marki náð, F=framvinda góð og Þ=þarfnast frekari þjálfunar.

Textílmennt

Kennari: Heiðbjört Antonsdóttir

Vikustundir: 80 mín. aðra hverja viku.

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur geti:

Handverk, aðferðir og tækni

- notað einfaldar aðferðir greinarinnar.
- unnið eftir mjög einföldum leiðbeiningum.
- unnið með gínur.
- þrætt grófa nál og saumað þræðispor.
- kynnst saumavélinni og prufað að sauma.
- lært að vefja hnykil, snúið saman marglit bönd og búið til dúska.
- kynnst puttaprjóni og hekli.

Sköpun, hönnun og útfærsla

- skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.
- þjálfast í að klippa og lita í tengslum við textílverk.
- notað flatt form og skreytt það með tölum og hnöppum.
- unnið með leður.

Menning og umhverfi

- notað ný og endurunin efni.
- fjallað um klæðnað fólks með tilliti til veðurs, starfa og tilefna.

- tekið þátt í umræðum um fagurfræðileg sjónarmið í einfaldri mynd, s.s. lit, lögun, glaðlegt, hlýlegt, fallett.

Inntak náms og kennslutilhögun

Megin tilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og ólíkra tjáningarleiða. Nemendur klippa út efni sem er skreytt með tölum og hnöppum. Það er síðan saumað á annað efni með þræðispori og notað sem efra borð í púða sem verður saumaður saman í saumavél. Sauma þvottastykki og húfu. Sauma og skreyta poka undir jólakort. Einnig vinna nemendur með þrjónagarn þar sem þeir búa til vinabönd, dúska og hnykla. Hekla. Vinna með gínur og kynnast leðri. Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi þegar verkefni eru skipulögð

- *Læsi* fellst í því að sjá fyrir um framvindu verkefna og hvaða tækifæri eru í umhverfinu.
- *Sjálfbærni* kemur inn á nýtingu efnis sem aflað er í umhverfinu og endurnýtingu.
- *Lýðræði og mannréttindi* tengjast samvinnu og stuðningi nemenda hvert við annað.
- *Sköpun* er ríkur þáttur í allri verkefnavinnu, teikningum og útfærslu verkefna.
- *Heilbrigði og velferð* tengist sjálfstæði sem nemendur öðlast í verkefnagerð og ánægju með vel heppnaða afurð.

Námsefni

Ýmsar tegundir af efnum og garni. Tróð, filt, ull og leður. Verkefni frá kennara.

Námsmat

Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Hönnun og smíði

Kennari: Baldur Hallgrímsson

Vikustundir: 80 mín. aðra hverja viku.

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur geti:

Handverk, aðferðir og tækni

- beitt einföldustu handverkfærum.
- þekkt smíðaefni sem unnið er með.

Sköpun, hönnun og útfærsla

- teiknað einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- þjálfast í að klippa út snið.
- unnið einir að lausn verkefna.
- unnið með málningu og vatnslakk.

Menning og umhverfi

- verið meðvitaðir um að hægt sé að nýta efni úr nánasta umhverfi og endurnýta efni.
- beitt réttum handtökum og einföldustu handverkfærum.
- geri sér grein fyrir hættum í smíðastofunni og þekki umgegnisreglur hennar.

Inntak náms og kennslutilhögun

Megin tilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og ólíkar tjáningarleiðir. Nemendur mæla, saga og pússa efni. Það er límt eða neglt saman og síðan málað eða lakkað. Smíða lítil hús, snið

sem er fært á mdf og gert að hitaplatta og teningur. Læri að vinna með öðrum. Hafa möppur til að halda utan um verkefni og teikningar. Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi þegar verkefnin eru skipulögð

- *Læsi* fellst í því að sjá fyrir um framvindu verkefna og hvaða tækifæri eru í umhverfinu.
- *Sjálfbærni* kemur inn á nýtingu efnis sem aflað er í umhverfinu og endurnýtingu.
- *Lýðræði og mannréttindi* tengjast samvinnu og stuðningi nemenda hvert við annað.
- *Sköpun* er ríkur þáttur í allri verkefnavinnu, teikningum og útfærslu verkefna.
- *Heilbrigði og velferð* tengist sjálfstæði sem nemendur öðlast í verkefnagerð og ánægju með vel heppnaða afurð.

Námsefni

Hönnun og smíði, 1.-4. bekkur og verkefni frá kennara.

Námsmat

Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum. Nemendum gefin einkunn í annarlok en þær eru tvær.